

Aðalfundur Prentsöguseturs 4. júní 2020

haldinn að Stórhöfða 31, kl. 16.30

- 1) *Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara. Tillaga hans var samþykkt. Hann minntist síðan þriggja féлага sem látist höfðu á árinu en þeir eru: Jón Gústafsson, Richard Valtingoer og Bragi Guðmundsson. Var þeirra minnst í þögn. Þá flutti formaður skýrslu stjórnar og sagði síðasta ár hafa verið nokkuð erfitt því vonir hefði staðið til þess að húsnæði undir setrið fengist í Skálholti, búið var að gera teikningar en kirkjuráð féllst ekki á þær hugmyndir. En ný hugmynd er nú um annað húsnæði á sama stað og er verið að vinna að henni. Formlega var Prentsögusetrið opnað 21. febrúar síðastliðinn á Laugaveginum, a fimm ár afmæli Prentsöguseturs. En Corona-veiran og faraldurinn setti strik í reikninginn með frekara sýningarhaldið. Þó hafa nemendur úr Waldorfskólanum í fylgd kennara komið í heimsókn. Þá hafa menntamálaráðherra og fulltrúar Menntamálaráðuneytisins boðað komu sína í heimsókn á næstunni. Þeir Heimir og Haukur Már hafa setið fundi með ráðherra um sýningarstöðuna í Skálholti. Litið er til fjárlaga næsta árs með styrki í huga til þessa verkefnis. Vonir eru bundnar við að 6 manna framkvæmdastjórn, sem kjósa á núna, muni standa vel að þessu verki og fylgja hlutum eftir. Þá sagðist Heimir stíga til hliðar núna úr formannsembættinu ásamt gjaldkeranum Svani Jóhannessyni á þessum fundi og þakkaði fyrir gott samstarf á árinu.*
- 2) *Reikningar félagsins.* Svanur gjaldkeri fór yfir reikningana og sagði félagið standa nokkuð vel. Styrkir komu frá einstaklingum, fyrirtækjum og velunnurum auk félagsgjalda. Engar skuldir hvíla á félaginu og eigið fé í árslok 2019 var kr. 691.465. Engar athugasemdir höfðu borist frá endurskoðendum. Síðan voru reikningarnir og skýrsla stjórnar borin upp og hvoru tveggja samþykkt samhljóða.
- 3) *Lagabreytingar.* Haukur Már las nokkrar breytingatillögur við lögin:
 - a) Við 5. grein um félagsaðild bætist við þetta: *Fyrirtæki, félög og félagasamtök geta öðlast félagsaðild að Prentsögusetri. Þau eiga rétt á einum atkvæðisbærum fulltrúa á fundum félagsins að uppfylltum skilyrðum fyrstu málsgreinar hér að framan.*
 - b) 8. grein um aðalfund, þar bætist við um Dagskrá aðalfundar liður 9. *Kosning spjaldskrárritara.*
 - c) Við 9. grein bætist við: *Spjaldskrárritari heldur utan um skrá yfir félagsmenn og hefur umsjón með innheimtu félagsgjalda.*

d) Þá bætist við ný grein, sú 13.: *Prentsögusetur sér um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29b. Aðalfundur Prentsöguseturs skipar 6 manna framkvæmdastjórn er hafi umsjón með daglegum rekstri Gömlu prentsmiðjunnar. Tekjur Gömlu prentsmiðjunnar skulu renna til Prentsöguseturs.*

Þessar lagabreytingar voru bornar upp og samþykktar. Nokkrar umræður urðu um aðgangseyri, virðisauka, samskot, spjaldskrár o.fl.

- 4) Samþykkt var að félagsgjald yrði kr. 4000 hið minnsta.
- 5) *Kosning formanns.* Einn var í kjöri: Haukur Már Haraldsson og var hann klappaður í sætið.
- 6) *Stjórnarkjör.* Kosning fjögurra í aðalstjórn. Tillaga kom um Þór Agnarsson, Tryggva Þór Agnarsson, Hjört Guðnason og Grím Kolbeinsson. Í varastjórn voru kosin Bjarni Jónsson og Katrín Jónsdóttir. Voru þau öll samþykkt samhljóða.
- 7) *Endurskoðendur félagsins.* Samþykktir voru til áframhaldandi setu þeir Ólafur Stolzenwald og Simon Knight.
- 8) *Kosning spjaldskrárritara.* Tillaga var gerð um Svan Jóhannesson og var hún samþykkt.
- 9) *Kosning framkvæmdastjórnar Gömlu prentsmiðjunnar,* tillaga var um: Ágúst Guðjónsson, Baldvin Heimisson, Hauk Má Haraldsson, Heimi Br. Jóhannesson, Katrínu Jónsdóttur og Sófus Guðjónsson. Voru þau öll samþykkt án mótframboðs.

Önnur mál. Heimir sagði konu sína hafa unnið um árabíl með Kvenfélagi prentara. Þær lögðu mikla vinnu í þágu félagsins, m.a. stóðu þær fyrir því að saumaðir voru tveir fánar fyrir HÍP og eru þeir í dag varðveittir á safni. Sögu þessa félags þyrfti að taka saman. Haukur Már sagði þetta góða hugmynd en kannski ekki beint hlutverk þessa félags. Þá benti Sæmundur Árnason á að þessi saga væri í stórum dráttum í bókinni *Samtök bókagerðarmanna í 100 ár.* Ágúst spurði hvenær hægt yrði að byrja uppbygginguna á Skálholststað og var því vísað til nýrrar stjórnar. Heimir lagði ögn út frá starfsheitinu prentari og vildi fá breytingu á því, t.d. prenttæknir, svo skilin væru skýr milli manns og tölvuprentara. Og að því búnu þakkaði hann gott samstarf á sínum formannsferli og bauð nýjan formann velkominn. Haukur Már þakkaði traustið, þakkaði fráfarandi formanni og stjórn og lagði til að þeir Heimir Br. og Svanur yrðu gerðir að heiðursfélögum félagsins. Var klappað fyrir því og að því búnu sleit Haukur Már fundi.